

Verkefnastjóri stýrihóps Háskóla­seturs Austfjarða

STARFS­LÝSING

Yfirstjórn Stýrihópur um háskóla­setur Austfjarða (HáAust).
Næsti yfirmaður er formaður stýrihópsins.

Markmið starfsins eru eftirfarandi:

Greining á þörfum fyrir háskóla­setur og mótun framtíðarsýnar fyrir svæðisbundna háskóla­menntun. Annast daglegan rekstur á verkefnum vegna stofnunar Háskóla­seturs Austfjarða. Framfylgja ákvörðunum stýrihóps, vera hópnum til ráðgjafar og hafa frumkvæði að aðgerðum sem styðja við framkvæmd verkefna. Kynningarstarf vegna hins nýja háskóla­seturs ásamt samskiptum við fjölmiðla vegna uppbyggingar háskóla­setursins.

1. Meginviðfangsefni

- Frumkvæðishlutverk í stefnumörkun, þróun og þarfagreiningu vegna háskóla­menntunar á svæðinu.
- Yfirumsjón og eftirlit með verkefnum sem lúta að stofnun Háskóla­seturs Austfjarða.
- Starfsmaður stýrihóps háskóla­seturs.
- Fjármálastjórn verkefnisins.
- Kynningarstjórn vegna verkefnisins.
- Umsjón með gerð aðildarsamninga fyrirtækja og stofnana að Háskóla­setri Austfjarða.

2. Helstu verkefni

- Uppsetning og undirbúningur vegna stofnskráar Háskóla­seturs Austfjarða.
- Umsjón með námskráargerð háskóla­setursins.
- Samskipti við alþingi og ráðuneyti vegna stofnunar háskóla­setursins.
- Uppáskrift reikninga, gerð ársreikninga og umsjón með tekjuöflun verkefnisins.
- Fundarboðun og fundargerðir stýrihóps.
- Ábyrgð á vef verkefnisins, fréttatilkynningagerð, samskiptum við fjölmiðla, kynningarefni.
- Ábyrgð á gagnaöflun og –úrvinnslu vegna verkefnisins, s.s. vegna starfsemi sambærilegra menntastofnana, talnalegra upplýsinga o.fl.
- Skýrslugerð vegna framvindu verkefnisins.
- Umsjón með styrkumsóknum og kortlagningu á mögulegum styrkjum vegna verkefnisins.
- Önnur verkefni sem formaður stýrihóps kann að fela verkefnisstjóra og heyra undir starfssvið hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Háskóla­próf á grunnstigi sem nýtist í starfi er skilyrði, meistara­próf er kostur.
- Góð þekking á evrópsku háskóla­umhverfi er kostur.
- Góð þekking á íslensku stjórn- og menntakerfi er kostur.
- Reynsla af stjórnun.
- Færni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

3.2 Hæfnisþættir

- Hugmyndaríki, lausnarmiðun og þolgæði.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Brennandi áhugi á umbótaverkefnum byggðarlaga og uppbyggingarstarfi í háskólaumhverfi.